Kynningarbréf vegna náms í tæknifræði á háskólastigi

Um allnokkurn tíma hafa hagaðilar á Norðurlandi eystra bent á brýna nauðsyn þess að koma á fót námi í tæknifræði á háskólastigi á svæðinu. Ítrekaðar ályktanir og ábendingar atvinnurekenda, sveitarfélaga, samtaka þeirra og þar á undan atvinnuþróunarfélaganna hafa verið birtar undanfarin ár. Í núgildandi sóknaráætlun SSNE kemur þessi áhersla einnig skýrt fram.

Nú hefur komið í ljós að fyrirtæki og stofnanir á svæðinu eiga erfitt með að fá tæknimenntað fólk til starfa sem er í raun löngu fyrirsjáanleg staða.

Fyrir liggur að Háskólinn á Akureyri og Háskólinn í Reykjavík hafa lýst yfir vilja til að standa að sameiginlegri kennslu í tæknifræði við HA og gæti sú kennsla hafist strax á þessu ári. Til þess að það geti gerst þarf að fjármagna byrjunarkostnað vegna verkefnisins sem er um 30 m kr., í raun ótrúlega lág fjárhæð m.v. mikilvægi verkefnisins fyrir atvinnu- og byggðaþróun á svæðinu.

Í þessu ljósi hafa áhugasamir atvinnurekendur í samstarfi við SSNE leitað til helstu fyrirtækja, bæði einka- og opinberra sem hafa af þessu augljósan ávinning. Í samtölum sem þegar hafa farið fram er ljóst að áhuginn og samstaðan er mikil. Framlag hvers þátttakanda getur því verið mjög hóflegt og í raun svipað og ráðningarkostnaður við einn starfsmann.

Eins og áður segir eigum við möguleika á að námið geti hafist strax í haust en til þess þarf að vinna þennan hluta verkefnisins hratt og þess vegna er beðið um mjög skjóta ákvörðunartöku.

Undirrituð veita fúslega allar frekari upplýsingar.

Með von um jákvæð viðbrögð,

bestu kveðjur,

Elva Gunnlaugsdóttir

Verkefnastjóri SSNE

elva@ssne.is

Kristján Heiðar Kristjánsson

Mannauðsstjóri Slippurinn Akureyri

khk@slipp.is